# ÁRSHLUTAREIKNINGUR 31.03.2016

KYNNING FYRIR FJÁRFESTA
11. MAÍ 2016




Arion banki

# ARION BANKI

## ARION BANKI VEITIR ALHLIÐA FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

### Viðskiptabanki

- ~ 30% markaðshlutdeild
- Stærsti lánveitandi íbúða-lána á eftir Íbúðalánasjóði
- Fjölbreytt fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki
- Áhersla á hraðþjónustu – app og netbanka

### Eignastýring

- Í forystu á sviði eignastýringar
- Eignir í stýringu nærri jafn miklar og efnahagur bankans
- Þjónustar fagfjárfesta og efnameiri einstaklinga

### Fjárfestingarbanki

- Leiðandi í markaðsviðskiptum og fyrirtækjaráðgjöf
- Alhliða fjárfestingarbanka-þjónusta
- Umsjón með öllum kauphallarskráningum ársins 2015 á Íslandi

### Fyrirtækjabanki

- Þjónustar mörg af stærstu fyrirtækjum landsins
- Veitir sérsniðna þjónustu að þörfum viðskiptavina
- Lánveitingar til erlendra fyrirtækja í sjávarútvegi og tengdum greinum

# DÓTTURFÉLÖG GEGNA MIKILVÆGU HLUTVERKI

## ARION BANKI VEITIR ALHLIÐA FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

**VALITOR**

- Leiðandi á sviði færsluhirðingar og kortaútgáfu
- Með starfsemi á Íslandi, í Danmörku og í Bretlandi
- Hluti af VISA Evrópu and MasterCard International

**okkar**

- Leiðandi á sviði líftrygginga
- Áhersla á einstaklings-miðaða þjónustu
- Samstarf á sviði sölumála við Arion banka

**STEFNIR**

- Stærsta sjóðastýringar-fyrirtæki landsins
- Þjónustar einstaklinga og fagfjárfesta
- Stýrir fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða

**vörður**

- Vörður er fjórða stærsta skaða-tryggingafélag landsins með ríflega 10% markaðshlutdeild
- Arion banki hefur komist að samkomulagi um kaup á öllu hlutafé í félaginu
- Kaupin eru háð samþykki eftirlits-aðila á Íslandi

# HELSTU ATBURÐIR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2016

## GOTT AÐGENGI AÐ ALÞJÓÐLEGUM LÁNSFJÁRMÖRKUÐUM

### Uppgjörið markast af aðstæðum á mörkuðum

- Vaxtatekjur aukast umtalsvert vegna aukinnar verðbólgu og hagstæðari fjármögnunar
- Auknar lánveitingar til fyrirtækja og eftirspurn eftir lánum umtalsverð
- Neikvæð þróun verðbréfamarkaða endurspeglast í rekstrarniðurstöðu
- Þóknanatekjur dragast saman, einkum vegna færri skráninga í kauphöll
- Aukinn launakostnaður í kjölfar nýrra kjarasamninga og fjölgunar starfsfólks, bæði hjá dótturfélögum og bankanum í tengslum við aukin verkefni

STANDARD & POOR'S RATINGS SERVICES
McGRAW HILL FINANCIAL

### Fjármögnun tryggð til lengri tíma en áður

- Útgáfa skuldabréfs til sjö ára að upphæð 747 milljónir Bandaríkjadala, 97 milljarðar króna, í kjölfar samninga við Kaupþing sem voru liður í að liðka fyrir afnámi gjaldeyrishafta
- Um var að ræða endurfjármögnun á langtímaláni veittu af Seðlabanka Íslands og innistæðum Kaupþings í erlendum myntum hjá Arion banka
- Útgáfa sértryggðra skuldabréfa á ársfjórðungnum að upphæð 12,4 milljarðar króna
- Önnur skuldabréfaútgáfa bankans í evrum til breiðs hóps fjárfesta að upphæð 300 milljónir evra, eða um 42 milljarða króna, fór fram í apríl, þar sem 31 milljarður króna var notaður til að greiða fyrirfram inn á USD útgáfu í eigu Kaupþings, skv. samkomulagi þar um
- Standard & Poor's breytir horfum á BBB- lánshæfiseinkunn úr stöðugum í jákvæðar

# HELSTU ATBURÐIR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2016

## GÓÐIR STJÓRNARHÆTTIR – SPROTAFYRIRTÆKJUM VEX FISKUR UM HRYGG

### Viðurkenning fyrir góða stjórnarhætti

- Arion banki fékk viðurkenningu frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands fyrir að vera fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

### Árangursríkasta markaðsherferðin

- Arion banki var sigurvegari Íslensku árangursverðlaunanna
- Verðlaunin veitt fyrir auglýsingaherferð þar sem kostir hraðþjónustu bankans, sem byggist fyrst og fremst á nýrri kynslóð hraðbanka, netbanka og appi, voru kynntir

### Startup Reykjavík besti viðskiptahraðallinn

- Mikil aukning í umsóknum í Startup Reykjavík, fyrir sumarið 2016, alls bárust 247 umsóknir
- Fyrirtæki sem hafa farið í gegnum Startup Reykjavík og Startup Energy Reykjavík hafa safnað 2,2 milljörðum króna í styrki og hlutafé
- Startup Reykjavík fékk viðurkenningu frá Nordic Startup Awards sem besti viðskiptahraðallinn á Íslandi 2016
- Skrifað undir samstarfssamning við Unga frumkvöðla á Íslandi, Junior Achievement (JA) og tóku 300 frumkvöðlar í framhaldsskólum þátt í samkeppni um besta námsmannafyrirtækið sem haldin var í höfuðstöðvum bankans

NORDIC STARTUP AWARDS



Arion banki

# HELSTU ATBURÐIR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2016

## MIKIL TÆKIFÆRI FELAST Í OPNUN NÝS ÚTIBÚS Í FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR – ÖFLUGUR BAKHJARL

### Ný og betri útibú

- Unnið að opnun nýs útibús í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem opnaði þann 1. maí
  - Áhersla á gjaldeyrisþjónustu og þjónustu vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts
- Áfram unnið að hagræðingu í starfsemi útibúa bankans með betri nýtingu húsnæðis

### Breytingar í framkvæmdastjórn og skipuriti

- Iða Brá Benediktsdóttir nýr framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs
- Rakel Óttarsdóttir tók tímabundið við sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, þróunar- og markaðssvið lagt niður
- Mannauður og markaðsdeild heyra nú beint undir bankastjóra

### Virkur þátttakandi í samfélaginu

- Í tilefni af 80 ára afmæli Skjaldar starfsmannafélags bankans voru 25 milljónir gefnar til góðgerðar-félaga sem starfa í þágu barna
- Samstarfssamningur við Hönnunarmiðstöð Íslands til næstu þriggja ára undirritaður og bankinn er einn af aðalstyrktaraðilum HönnunarMars
- Samið um áframhaldandi samstarf við Hörpu og er bankinn einn af aðalbakhjörlum tónleika- og ráðstefnuhússins
- Arion banki einn af 11 styrktaraðilum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum
- Þátttaka í söfnunarátaki fyrir Reykjadal, sumar-búðir fyrir börn með fötlun
- Opnun sýningar á verkum Kristins E. Hrafnssonar í höfuðstöðvum bankans

# LYKILTÖLUR 1F 2016

| Rekstur | Fjárhagur | Skilvirkni | Gæði eigna |
|---|---|---|---|
| Hagnaður<br>2.883 m.kr.<br>1F 2015:<br>14.908 m. kr. | Eiginfjár-þáttur A<br>26,2%<br>31.12.2015:<br>23,4% | Kostnaðar-hlutfall<br>60,7%<br>1F 2015:<br>29,3% | Vandræðalán<br>2,1%<br>31.12.2015:<br>2,5% |
| Arðsemi eigin fjár<br>5,7%<br>1F 2015:<br>35,1% | Vogunar-hlutfall<br>17,3%<br>31.12.2015:<br>16,7% | Starfsmenn<br>1.163<br>31.12.2015:<br>1.147 | Íbúðalán / Heildar útlán<br>38,7%<br>31.12.2015:<br>39,4% |



Arion banki



# REKSTRARREIKNINGUR

Arion banki

# REKSTRARREIKNINGUR

Fjárhæðir í milljónum króna

## HEILBRIGÐUR VÖXTUR Í HREINUM VAXTATEKJUM – EINSSKIPTISLIÐIR LÆKKA FRÁ FYRRA ÁRI

- Veruleg aukning í hreinum vaxtatekjum vegna hærri verðbólgu, hærra vaxtastigs, stærra lánasafns og meiri vaxtaberandi eigna
- Veruleg lækkun í hreinum þóknanatekjum, einkum vegna minni umsvifa á fjárfestingar-bankasviði í samanburði við sama tímabil 2015
- Hreinar fjármunatekjur lækka vegna einsskiptis-atburða á fyrra ári og verðlækkunar á skráðum hlutabréfum bankans á fjórðungnum

| | 1F 2016 | 1F 2015 | Breyting | Breyt. % |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 7.273 | 5.783 | 1.490 | 26% |
| Hreinar þóknanatekjur | 3.219 | 3.757 | (538) | -14% |
| Hreinar fjármunatekjur | (301) | 7.539 | (7.840) | - |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | 677 | 4.211 | (3.534) | -84% |
| Aðrar rekstrartekjur | 1.235 | 491 | 744 | 152% |
| **Rekstrartekjur** | **12.103** | **21.781** | **(9.678)** | **-44%** |
| Laun og launatengd gjöld | (4.108) | (3.492) | (616) | 18% |
| Annar rekstrarkostnaður | (3.234) | (2.896) | (338) | 12% |
| Bankaskattur | (742) | (730) | (12) | 2% |
| Hrein virðisbreyting | (503) | 1.782 | (2.285) | - |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **3.516** | **16.445** | **(12.929)** | **-79%** |
| Tekjuskattur | (737) | (1.720) | 983 | -57% |
| Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta | 104 | 183 | (79) | -43% |
| **Hagnaður ársins** | **2.883** | **14.908** | **(12.025)** | **-81%** |

Arion banki

# HREINAR VAXTATEKJUR

Fjárhæðir í milljörðum króna

## HÆKKUN Á HREINUM VAXTATEKJUM VEGNA AUKINNAR VERÐBÓLGU OG MEIRI VAXTABERANDI EIGNA

- Hreinar vaxtatekjur hækka bæði í samanburði við síðasta ársfjórðung og fyrsta ársfjórðung 2015. Hækkunin er að mestu vegna aukinnar verðbólgu, hærra vaxtastigs og meiri vaxtaberandi eigna
- Ný fjármögnun er aðallega með lántöku, að stórum hluta langtíma skuldabréf í eigu Kaupþings









# HREINAR ÞÓKNANATEKJUR

Fjárhæðir í milljörðum króna

## STÖÐUGAR ÞÓKNANATEKJUR AF EIGNASTÝRINGU OG GREIÐSLUKORTUM

- Hreinar þóknanatekjur lækka frá 1F 2015 einkum vegna minni umsvifa á fjárfestingarbankasviði
- Hreinar þóknanatekjur af eignastýringu eru stöðugar í samanburði við 1F 2015 en lækka frá 4F 2015 vegna árangurstengdra þóknana í lok árs
- Væntingar eru um vöxt í hreinum þóknanatekjum af kortastarfsemi á árinu
- Aðrar þóknanatekjur er stöðugar

Skipting á hreinum þóknanatekjum 1F 2016




Hreinar þóknanatekjur




Arion banki

# HREINAR FJÁRMUNATEKJUR

**Fjárhæðir í milljörðum króna**

## SVEIFLUR EINKENNDU ÍSLENSKA HLUTABRÉFAMARKAÐINN Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI

- Miklar sveiflur einkenndu íslenskan hlutabréfamarkað á 1F 2016 en þrátt fyrir það var úrvalsvísitalan nánast sú sama í lok tímabilsins og hún var í árslok 2015
- Bankinn heldur ennþá á umtalsverðum eignarhlutum í Reitum, Símanum og HB Granda. Verð hlutabréfa í Símanum og HB Granda lækkuðu á tímabilinu
- Tekjur af skuldabréfum eru fyrst og fremst vaxtatekjur









# REKSTRARKOSTNAÐUR

**Fjárhæðir í milljörðum króna**

## NÝIR KJARASAMNINGAR HAFA MIKIL ÁHRIF Á REKSTRARKOSTNAÐ

- Nýir kjarasamningar hafa mikil áhrif á launakostnað, launavísitala hækkaði um 13,3% milli ára
- Kostnaður við upplýsingatækni, aðkeypta sérfræði-þjónustu og markaðssetningu eykst nokkuð samanborið við seinasta ár
- Kostnaðarhlutfallið er sveiflukennt vegna stórra einsskiptis tekjuliða á fyrri tímabilum
- Starfsmönnum heldur áfram að fjölga í dótturfélögum en einnig í bankanum tengt nýju útibúi á Keflavíkurflugvelli










Arion banki

# EFNAHAGSREIKNINGUR



# EFNAHAGSREIKNINGUR

Fjárhæðir í milljörðum króna

## BANKINN ER VEL UNDIRBÚINN UNDIR AFLÉTTINGU GJALDEYRISHAFTA

- Heilbrigður vöxtur í útlánum til viðskiptavina
- Eignarhlutur í hlutdeildar-félögum lækkar í kjölfar sölu á eignarhlut í Bakkavor Group Ltd.
- Innlán lækka í kjölfar samnings um fjármögnun við Kaupþing ehf.
- Lántaka eykst vegna samnings um fjármögnun við Kaupþing ehf. að fjárhæð um 97 ma.kr. og nýrra útgáfa á tímabilinu, samtals að fjárhæð um 18 ma.kr.
- Mjög sterk eiginfjárstaða

| Eignir | 31.03.2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands | 70 | 48 | 21 | 38 | 30 |
| Útlán til lánastofnana | 92 | 87 | 109 | 102 | 101 |
| Útlán til viðskiptavina | 694 | 680 | 648 | 636 | 567 |
| Verðbréfaeign | 133 | 133 | 102 | 87 | 138 |
| Fjárfestingareignir | 6 | 8 | 7 | 29 | 29 |
| Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum | 1 | 27 | 22 | 18 | 7 |
| Aðrar eignir | 33 | 27 | 26 | 30 | 30 |
| **Eignir samtals** | **1.029** | **1.011** | **934** | **939** | **901** |
| | | | | | |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | |
| Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands | 11 | 11 | 23 | 28 | 33 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 433 | 469 | 455 | 472 | 449 |
| Aðrar skuldir | 59 | 62 | 61 | 58 | 59 |
| Lántaka | 311 | 256 | 201 | 205 | 195 |
| Víkjandi skuldir | 10 | 10 | 32 | 32 | 34 |
| Eigið fé | 195 | 193 | 161 | 140 | 127 |
| Hlutdeild minnihluta | 10 | 9 | 2 | 5 | 4 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.029** | **1.011** | **934** | **939** | **901** |

Arion banki

# LÁN TIL VIÐSKIPTAVINA



## UMTALSVERÐ EFTIRSPURN EFTIR LÁNUM TIL FYRIRTÆKJA

- Gott jafnvægi milli lána til fyrirtækja og einstaklinga
- Aukning í útlánum til viðskiptavina einkum til viðskiptavina í sjávarútvegi og heildsölu og smásölu
- Mikil eftirspurn eftir nýjum fyrirtækjalánum
- Góð dreifing útlána til fyrirtækja eftir atvinnugreinum
- Hlutfall vandræðalána heldur áfram að lækka

Lán til viðskiptavina




Lán til fyrirtækja (%)




Vandræðalán (%)




Arion banki

# FJÁRMÖGNUN



## BANKINN HEFUR LEITT ENDURKOMU ÍSLENSKRA AÐILA Á ALÞJÓÐLEGA MARKAÐI

- Í janúar var gert samkomulag við Kaupþing ehf. um fjármögnun. Gefið var út 7 ára skuldabréf að fjárhæð 748 milljónir USD innan EMTN-fjármögnunarramma bankans. Skuldabréfið ber fljótandi LIBOR vexti að viðbættu 2,6% álagi fyrstu tvö árin og að þeim tíma liðnum taka vaxtakjör mið af markaðskjörum
- Skuldabréfið kom til skuldajöfnunar á láni í erlendum myntum, sem áður var hjá Seðlabanka Íslands en Kaupþing keypti, og innlána Kaupþings hjá Arion banka í erlendum myntum
- Bankinn gaf út sértryggð skuldabréf að fjárhæð 12,4 ma.kr. á tímabilinu










Arion banki

# EIGIÐ FÉ

Fjárhæðir í milljörðum króna

## MJÖG STERK EIGINFJÁRSTAÐA BÝÐUR UPP Á ÝMSA VALMÖGULEIKA

- Engin arðgreiðsla fyrirhuguð á árinu 2016
- Sterk eiginfjárstaða vegna góðrar arðsemi
- Bankinn notar staðlaða aðferð við útreikning á áhættuvegnum eignum
- Áhættuvegnar eignir lækka vegna lækkunar á lánsloforðum og lægri gjaldeyrisójafnaðar










Arion banki



# HORFUR OG KENNITÖLUR

# HORFUR

## AUKIN EFTIRSPURN Í EFNAHAGSLÍFINU GEFUR GÓÐ FYRIRHEIT TIL FRAMTÍÐAR

- Spennandi tímar framundan í nokkuð krefjandi umhverfi
- Arion banki er í sterkri stöðu því lausafjárstaða hans er góð
  - Stefna bankans er að stýra vexti útlána
  - Mikil eftirspurn er eftir lánsfé til fyrirtækja og útlán meiri í ár en á sama tíma í fyrra
  - Bankinn leggur áherslu á að mæta þörfum viðskiptavina sinna til vaxtar, bæði innanlands og erlendis
  - Aukin samkeppni er á markaði fyrir íbúðalán í kjölfar stóraukinna umsvifa lífeyrissjóða, sem lækkar hlutdeild einstaklingslána í lánasafni bankans
- Bankinn leggur aukna áherslu á stafræna framtíð með markmið um auknar tekjur og lækkun rekstrarkostnaðar að leiðarljósi

- Markvisst unnið að aukinni fjölbreytni í fjármögnun bankans og mun áfram verða haldið á þeirri braut
- Sterk eiginfjárstaða gerir Arion banka vel undirbúinn að takast á við framtíðaráskoranir
- Gert er ráð fyrir bættu lánshæfismati í tengslum við bætt lánshæfi ríkissjóðs sem fjölgar alþjóðlegum fjármögnunarmöguleikum bankans
- Afnám fjármagnshafta mun skapa ný tækifæri og bankinn sér ekki fram á verulegar breytingar á efnahag við afléttingu fjármagnshafta þótt breytingar verði á samsetningu
- Samningar Kaupþings við stjórnvöld kveða á um sölu Arion banka til nýrra eigenda og er undirbúningur þegar hafinn

# HELSTU KENNITÖLUR

Arðsemi eigin fjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Vandræðalán* (%)




Hlutfall lána á móti innlánum (%)
Án lána sem fjármögnuð eru með sértryggðum skuldabréfum




Hlutfall eiginfjárþáttar A (%)




Lausafjárhlutfall (LCR) (%)




Heildar niðurfærð lán / Heildar lán (%)




* Vandræðalán (lán í yfir 90 daga vanskilum en ekki niðurfærð + lán með sértækri niðurfærslu) sem hlutfall af útlánum til viðskiptavina



Arion banki

# HELSTU KENNITÖLUR

Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Verðtryggingarjöfnuður (ma.kr.)




Gjaldeyrisójöfnuður (ma.kr.)




Áhættuvegnar eignir / heildareignir (%)





Arion banki

# FYRIRVARI

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.